

**1949 nr. 26 3. maí****Lög um hvalveiðar**

**Tóku gildi 10. maí 1949.** *Breytt með* l. 40/1979 (tóku gildi 1. júní 1979), l. 23/1991 (tóku gildi 17. apríl 1991), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi [ráðuneytisins].<sup>1)</sup> [Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]<sup>2)</sup> Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

□ . . . <sup>2)</sup>

□ Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 23/1991, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 157/2012, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 40/1979, 1. gr.

■ **2. gr.** Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi [ráðherra].<sup>1)</sup> Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að veiða:

a. Hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja.

b. Tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **4. gr.** Með reglugerð<sup>1)</sup> getur [ráðuneytið]:<sup>2)</sup>

a. Bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum.

b. Takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs.

c. Takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar.

d. Takmarkað veiðibúnað.

e. Bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda.

f. Sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

<sup>1)</sup> Rg. 163/1973, sbr. 304/1983, 239/1984, 862/2006, 822/2007, 456/2008, 58/2009, 263/2009, 359/2009, 1116/2013 og 263/2014. Rg. 489/2009. Rg. 632/2013. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **5. gr.** Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljóttist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **6. gr.** [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

□ Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **7. gr.** Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

■ **8. gr.** [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 24. gr.

■ **9. gr.** Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

□ Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

■ **10. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2.000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

□ [Kyrretja skal]<sup>1)</sup> skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild, . . . <sup>1)</sup> fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 27. gr. <sup>2)</sup> L. 40/1979, 2. gr.